



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 6, mánudaginn 10. desember 2018 kl. 16:00.

(Fundur nr. 4. frá Hellu)

Mætt: Laufey Hannesdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Jónatan Garðarsson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð). Auk þess sat Óskar Guðmundsson fundinn (undir lið 2). Páll Ingbór Kristinsson reyndi að vera með (í gegnum Skype), en tókst ekki vegna tæknilegra vandamála.

Á dagskrá fundarins:

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar*
Samþykkt með smávægilegum málfarsbreytingum.
2. *Fundur með Norðmönnum vegna rits um skiptiferðir. Óskar Guðmundsson gestur fundarins.*
Eftir fráfall Lökens hefur málið tafist. Að sögn Óskars er nú litið svo á, að kominn sé praktískur farvegur fyrir útgáfu bókarinnar, undir vinnuheitinu „Frende fejrer skog“. Óskar sagði frá sögu þessara ferða. M.a. má áætla að á annað þúsund þátttakendur hafi verið í þessum skiptiferðum og að hér á landi hafi Norðmenn gróðursett um eina milljón plantna. Til stendur að prenta bókina í V-Noregi, bæði á íslensku og norsku. Í forsvari fyrir Norðmenn verður Bernd Håvard Öjen, skógfræðingur og framkvæmdastjóri Bryggen í Bergen.
3. *Áætlun fyrir næsta ár (fjárhags- og atburðaáætlun)*
Kynnt var bráðabirgðaáætlun sem er enn óljós vegna óvissu um

styrktaraðila vegna Opins skógar og vegna þess að rauntölur vantar enn í áætlunina.

4. *Fundur með Umhverfisstjórn 30. nóv sl.*
Kynnt voru drög að samningi milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og SÍ, um framkvæmd og rekstur Landgræðsluskóga. Þar kemur m.a. fram að framlag til Landgræðsluskóga verði 50 m. kr. árið 2020, 55 m. kr. árið 2021 og 60 m. kr. árið 2022.
5. *Dagur umhverfisins 5. júní 2019*
Í nafni Mahatma Ghandi stendur til að gróðursetja 150 tré, í Vinaskógi eða á Úlfljótsvatni. Eftir er að ákveða hvor staðurinn verður fyrir valinu, í samráði við sendiherra Indlands á Íslandi.
6. *Landgræðslusjóður – framkvæmdastjórn*
Fyrri formaður var jafnframt framkvæmdastjóri (og ritari). Hann hefur samþykkt að annast verkið út árið. Ákveða verður hvernig formið verður hjá eftirmanninum (Þuríði). Þuríður vill losna við að vera framkvæmdastjóri, þ.a. Hrefna sinni þessu og að SÍ fái greiðslu fyrir.
7. *Viðburðadagatal í desember*
28. des. kl. 18: Jólaboð SÍ.
16.-17. mars: Efni á dagskrá gæti verið Græni stígurinn.
2.-3. apríl: Fagræðstefna skógræktar
5. júní: Dagur umhverfisins.
22. júní: Líf í lundi.
8. *Jólaboð 28. desember 2018*
Verður haldið í Þórunnartúni kl. 18.
9. *Önnur mál*
Stjórn Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur samþykkt að standa að aðalfundinum 2020.

Fleira var ekki gert.